

Rökstuðningur með tillögu

Á undanförunum árum hefur verið rík og réttmæt krafa aðildarféлага um að auka stuðning BLÍ við yngriflokkastarf féлага. Vegna fjárhagsstöðu sambandsins hafa slíkir styrkir ekki verið algengir né háir. Þrátt fyrir það hefur mörgum félögum innan sambandsins tekist að halda uppi öflugum yngriflokkastarfi fjölga iðkendum sínum.

Í reglugerð um öldungamót segir í 12.gr:

„Þátttökugjald á hvert lið til BLÍ vegna öldungamóts BLÍ skal vera kr. 7.500 árið 2010 og endurskoðað á ársþingi BLÍ annað hvert ár. Fjármunir þessir skulu eyrnamerkir uppbyggingar- og yngriflokkastarfi á vegum yngriflokkaneftdar BLÍ og ráðstöfun þeirra birt á sýnilegan hátt í ársskýrslu BLÍ ár hvert.“

Fram til þessa hefur sú fjárhæð sem aflast með þessum nefskatti verið settur inn í rekstur BLÍ og einstök félög hafa getað sótt um styrki til stjórnar til útbreiðslustarfs. Blaksambandið hefur að auki greitt kostnað vegna hæfingabúða, til einstaka útbreiðsluverkefna og greitt kostnað vegna verðlauna á íslandsmóti yngri flokka.

Í ársskýrslu BLÍ frá árinu 2007 segir meðal annars;

„Undanfarin tvö ár hefur fjárhagsstaða BLÍ verið með þeim hætti að nokkur samdráttur hefur orðið á þeim fjármunum sem varið hefur verið til útbreiðslu- og yngriflokkamála og er það nokkurt áhyggjuefni. Mikil vægt er fyrir stjórn sambandsins að ná aftur vopnum sínum í þessum málaflokki og halda áfram að sækja fram og byggja upp öflugra yngriflokkastarf í landinu – annars er hætt við að árangurinn sem náðst hefur í krakkablakinu undanfarin ár verði aðeins skammvinn uppsveifla. Öflugt yngriflokkastarf er forsenda þess að blakípróttin eflist héraendis og erum við nú þegar farinn að sjá árangur að því starfi sem hefur verið unnið undanfarin ár. „

Undir þessi orð er heils hugar tekið og væri formleg stofnun sjóðsins skref í þá átt að auka markvissa uppbyggingu féлага og hvetja þau enn frekar til dáða við öflugun nýrra iðkenda.

Ef skoðaðir eru ársreikningar sambandsins frá árinu 2006 er ljóst að mjög mismunandi er hversu mikið er varið til útbreiðslustarfs.

Úthlutunarreglur vegna nefskatts hafa ekki verið skýrar og félög ekki sérstaklega hvött til að sækja í þessa fjármuni. Með tillögu að stofnsetningu Útbreiðslusjóðs BLÍ er lagt til að þessi mál komist í fastari og gegnsærri farveg með það markmiði að öll félög hafi jafnan rétt á að sækja styrki til útbreiðslustarfs og að fjármunir þeir sem eyrnamerkir eru til útbreiðslustarfs fari sannarlega til þess málaflokks.

Hér er lög fram tillaga um stofnun uppbyggingar og útbreiðslusjóðs sem félög innan BLÍ geti sótt í. Sjóðnum er ekki ætlað að veita afreksstyrki eða styrki til einstaklinga.

Lagt er til hér að stofnfé sjóðsins sé 1 milljón króna sem samsvarar þeim fjármunum sem fengust í nefskatt fyrir síðasta öldungamót.

Virðingarfyllt,

Aðalheiður Sigursveinsdóttir

Gjaldkeri BLÍ

Útbreiðslusjóður BLÍ

Tillaga að reglugerð

1. gr.

Nafn sjóðsins

- 1.1. Sjóðurinn heitir Útbreiðslusjóður Blaksambands Íslands
- 1.2. Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli samþykktar ársþings BLÍ 2010.
- 1.3. Sjóðurinn er eign Blaksambands Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. Markmið og verkefni sjóðsins

- 2.1. Markmið sjóðsins er að styrkja félög og deildir við útbreiðslu blakípróttarinnar á Íslandi.
- 2.2. Styrkja yngriflokkastarf í blaki og útbreiðslu ípróttarinnar um allt land.
- 2.3. Styðja við uppbyggingu á mannvirkjum eða aðstöðu til iðkunnar.
- 2.4. Styðja við faglega þjálfun á blaki hér á landi.

3. Úthlutun styrkja

- 3.1. Úthlutunir úr sjóðnum skulu ákvarðast af meirihluta stjórnar sjóðsins á fundum hennar.
- 3.2. Við úthlutun skal skoða og taka mið markmiðum sjóðsins.
- 3.2. Styrkumsóknir skulu berast skriflega og skal þeim svarað skriflega eftir afgreiðslu þeirra.
- 3.3. Rétt til styrkja félög innan BLÍ.

4. Stjórn og rekstur

- 4.1. Gjaldkeri BLÍ skal vera formaður stjórnar sjóðsins. Auk hans skulu sitja í stjórn fulltrúi frá yngriflokkanevnd og fulltrúi frá strandblaksnevnd. Á þingi Blaksambandsins skulu kosnir 2 aðrir nevndarmenn.
- 4.2. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli ársþinga. Úr sjóðnum skal úthluta a.m.k. tvisvar á ári og skal sú úthlutun vera auglýst til allra félaga innan BLÍ með amk 2 vikna fyrirvara.
- 4.3. Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag BLÍ.
- 4.4. Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.
- 4.5. Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu BLÍ.

5. Tekjur og ávöxtun eigna

- 5.1. Tekjur sjóðsins eru:
 - a) Tekjur af öldungamóti
 - c) Sjóðnum er heimilt að afla styrkja frá opinberum aðilum og einstaklingum.
 - b) Vaxtatekjur og aðrar fjármagnstekjur.
- 5.2. Eignir sjóðsins skulu varðveittar í bankainnstæðum.

6. Ársreikningur og endurskoðun

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum BLÍ.

7. Breytingar á reglugerðinni

- 7.1. Breytingar á reglugerð þessari öðlast ekki gildi nema þær hafi verið samþykktar á ársþingi BLÍ.

8. Nánari starfsreglur

- 8.1. Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. reglugerð þessari.

9. Gildistaka

- 9.1 Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.